



THE INTERNATIONAL ASSOCIATION OF LIONS CLUBS

Fjölumdæmi / Multiple District 109 – Sóltúni 20, IS 105 Reykjavík, ICELAND
Sími/Tel.: +354 561 3122 – Fax +354 561 5122 – Netfang /E-mail: lions@lions.is



Hversdags HETJUR

Þekkir þú hetjur?

Alþjóðaforseti Al Brandel segir að Lionsfélagar séu hversdagshetjur, “Everyday Heros” sem vinna kraftaverk með þjónustu sinni í þágu samfélagsins. Hann vill sérstaklega heiðra og þakka almennum Lionsfélögum fyrir mikilvægt störf í þágu samfélagsins. Það verður heiðruð hversdagshetja í klúbbum og umdæmum í vetur. Lionsfélagar eru beðnar um að benda á ”Hversdagshetju” í sínum klúbbi og tilgreina, að hvaða leyti hann/hún er hetja og “vinnur kraftaverk”. Bent er á að gott sé að velja féлага sem lætur lítið fyrir sér fara, vinnur af hógværd og lítilæti, markar tímamót eða sýnir gott fordæmi. Þetta er ekki síður gert til að draga fram í dagsljósið, hin fjölbreyttu og mikilvægu störf sem Lionsfélagar inna af hendi.

Hvar eru hetjurnar?

Lítu í kring um þig, þú þarft örugglega ekki að leita lengi til að finna hetju. Þær eru í klúbbum þínum, umdæminu, allt í kring um þig. Reyndar þarf hetjan ekki að vera einstaklingur, hún getur verið t.d. klúbbur eða umdæmisverkefni sem endurspeglar það besta sem Lions stendur fyrir. Hetjur fæðast ekki, þær verða til við það að sjá neyð annarra og bregst við, gerir allt sem í hans valdi stendur til bæta ástandið, leggja lið þeim sem minna mega sín. Hetjur vilja láta gott af sér leiða, þær gefa tíma sinn, ást og umhyggju, það er hluti af þeirra daglega lífi. Sjálfboðaliðar eru hetjur, sem vinna kraftaverk með þjónustunni sem þeir veita og telja það ekki eftir sér. Al Brandel segir: Þegar fólk heyrir af einhverjum hörmungum segir það: “Þetta er alveg hræðilegt” og svo snýr það sér að einhverju öðru. Lionsfélagi segir “Þetta er alveg hræðilegt, við þurfum að gera eitthvað í málinu” og hann gerir það svo sannarlega, lætur ekki sitja við orðin tóm, hann bregst við vandanum.

Alþjóðleg hetja

Á alþjóðþinginu í Minneapolis í sumar verða heiðraðar hversdagshetjur frá öllum Lionsheiminum. Umdæmisstjórar og fjölumdæmisstjórar senda inn tilnefningar fyrir 1. apríl. Viðurkenningarnar “International Hero Awards” eru í eftirtöldum flokkum: Lionsfélagi, Formaður Lionsklúbbs, Lionsklúbbur, Verkefni klúbbs eða umdæmis, Umdæmisstjóri og Umdæmi. Það er mikil heiður og góð kynning á viðkomandi verkefnum, að fá slíka viðurkenningu. Íslendingar geta komist á verðlaunapall, hér sem annars staðar! Það er mikilvægt fyrir okkur að sýna styrk okkar í Lions. Þó við séum fá og smá, þá erum við öflug. Markmiðin með þessum viðurkenningum eru að:

- Heiðra Lionsfélaga sem sýna gott fordæmi og vinna kraftaverk með þjónustu sinni.
- Þakka þeim Lionsfélögum, sem vinna af hógværd og lítilæti og marka tímamót.
- Fagna þeim góðu verkum sem Lionsfélagar hafa sinnt fram til þessa og mun sinna áfram um allan heim.

Íslensk HETJA

Það verður heiðruð hversdagshetja í hverjum klúbbi í A-umdæminu í vetur.

Á umdæmisþinginu næsta vor verður valið úr tilnefningum og hversdagshetjur hvers svæðis verða heiðraðar. **Framkvæmdin er þannig:** Klúbbstjórnir eru beðnar um að tilnefna ”Hversdagshetju” síns klúbbs, segja mér hver er sérstaða hans eða hennar, að hvaða leyti hann/hún er hetja og “vinnur kraftaverk”. Bent er á að gott sé að velja féлага sem lætur lítið yfir sér, vinnur af hógværd og lítilæti, markar tímamót eða skapar gott fordæmi. Ég mun í heimsókn minni til klúbbsins veita viðurkenninguna “Hversdagshetja Lions 2008-2009”

Ef þú þekkir Hversdagshetju í Lions, máttu gjarnan láta mig vita.

Guðrún Björt Yngvadóttir
Umdæmisstjóri 109A 2008-2009

